# Blönduósbær

## Aðalskipulag 2010-2030

**ATHUGASEMDIR**

Fylgiskjal



16. september 2010

# BLÖNDUÓSBÆR

## Aðalskipulag 2010-2030

LANDMÓTUN

Yngvi Þór Loftsson

Óskar Örn Gunnarsson

Margrét Ólafsdóttir

### 1.1.1 Samráð við íbúa

Fyrsti íbúafundurinn var haldinn í 7. maí 2008, sem sameinaði umræður vegna vinnu við Aðalskipulag sveitarfélagsins og Staðardagskrá 21. Rædd voru viðhorf íbúa til skipulagsgerðarinnar og Staðardagskrá 21 og var hugmyndum safnað til stefnumótunar.

Þegar ráðgjafar höfðu unnið úr þeim ábendingum og tillögum sem komu fram á fundinum voru niðurstöður fundarins settir inn á heimasíðu Blönduósbæjar:

Annar íbúafundurinn var haldinn 17. mars 2009 þar voru kynnt drög að landnotkun fyrir sveitarfélagið í heild og þéttbýli á Blönduósi og matslýsing aðalskipulagsins. Ennfremur voru kynntar tillögur að málaflokkum Staðardag-skrár og verkefnum innan þeirra.

Þriðji íbúafundurinn var haldinn 2. febrúar 2010. Þar var kynnt tillaga að landnotkun fyrir sveitarfélagið í heild og þéttbýlið á Blönduósi og auk umhverfisskýrslu aðalskipulagsins.

Megin tilgangur fundarins var að gefa íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum áður en gengið yrði frá aðalskipulagstillögunni til auglýsingar.

Á fundinum kynnti Vegagerðin tillögur sýnar að nýjum og breyttum stofn- og tengivegum í A-Húnavatnssýslu.

### 1.1.2 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

**Landbúnaðarsvæði.** Tillagan var send Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Norðurlandsskógum í mars 2010. Umsögn ráðuneytisins barst 26. apríl 2010 og gerði ráðuneytið ekki athugasemdir við tillöguna. Umhverfisstofnun gaf umsögn sína 3. september 2010 og benti á mikilvægi þess að sýna skógræktarsvæði á skýringaruppdráttum.

**Vegagerðin um vegi og reiðleiðir.** Haldnir hafa verið samráðsfundir við Vegagerðina í byrjun aðalskipulagsvinnunar vegna fyrirhugaðra breytinga á vegakerfi innan Blönduósbæjar, t.a.m. tillögur um breytingar á Svínvetningabraut og vegtenginga við Neðribyggðarveg. Samráð vegna nýrra vegtenginga við stofn- og tengivegi. Hestamannafélög um reiðleiðir. Samráð við reiðveganefnd á vegum Húnavatnshrepps, vegna tenginga reiðleiða á sveitarfélagsmörkum. Tillagan var send Vegagerðinni til umsagnar í mars 2010. Tillagan var ennfremur send Flugstoðum til umsagnar vegna flugvallarins á Blönduósi og barst umsögn þeirra 30. apríl 2010. Í greinargerð er kafli 4.2.1 og 4.4.5 leiðréttur m.t.t. athugasemda. Bæta þarf á skipulagsuppdráttinn hindranaflötum sem liggja bæði frá flugbrautarendum og einnig til hliðar.

**Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja.** Leitað til Umhverfisstofnunar vegna upplýsinga um afmörkun friðlýstra svæða. Tillagan var send til umsagnar í mars 2010. Umsögn Umhverfisstofnunar barst 3. september 2010 og voru gögn lagfærð m.t.t. athugasemda. Gerðar voru lagfæringar á texta varðandi umfjöllun um iðnaðarsvæði þar sem bætt var við umfjöllun um Hnjúkatjörn og mikilvægi þess að raska henni ekki né umhverfi hennar.

Tillagan var send til Veðurstofunnar til umsagnar í mars 2010 vegna umfjöllunarum náttúruvá.

**Vatnsból, vatnsvernd og verndarsvæði strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.** Fundur var haldinn með Orkustofnun varðandi afmörkun vatnsverndarsvæða og var tillagan send Orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Vestra til umsagnar í mars 2010. Umsögn bars frá Orkustofnun 16. apríl 2010. Orkustofnun gerir athugasemd um afmörkun nærsvæðis vatnsbóla fyrir Blönduós, hefur skipulagsuppdráttur verið leiðréttur í samræmi við athugasemd. Umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 6. Apríl 2010. Þar sem bent er á að að fjallað er um vatnsvernd, gæði neysluvatns og vatnsveitur á a.m.k. fjórum stöðum og að umfjöllunin sé ekki skýr sérstaklega þar sem fjallað er um vatnsveitur í dreifbýli. Óljóst sé til hvaða viðmiðunarmarka er verið að vísa til hvað varðar gerlamengun bls. 31.

**Friðlýstar minjar og skráning fornminja.** Samráð við Minjavörð Norðurlands vestra og Byggðasafn Skagfirðinga um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu. Samhliða gerð aðalskipulags vann Byggðasafn Skagfirðinga að skráningu fornleifa í Blönduósbæ og verða niðurstöður þeirrar skráningar hluti / fylgigögn skipulagsins. Tillagan var send Minjaverði Norðurlands Vestra til umsagnar í mars 2010.

**Efnistökusvæði.** Leitað var til Vegagerðarinnar vegna upplýsinga um efnistökusvæði. Farið var ítarlega með þeim sem til þekkja í sveitarfélaginu um fjölda og staðsetningu efnistökusvæða. Tillagan var send Vegagerðinni og Umhverfisstofnuna til umsagnar í mars 2010.

**Veitur.** Samráð hefur verið haft við Landsnet vegna flutningskerfis raforku og einnig við RARIK vegna dreifikerfis raforku. Tillagan var send Landsneti og RARIK til umsagnar í mars 2010.

**Samráð við nágrannasveitarfélög.** Samráð hefur verið haft við Skagabyggð vegna vatsverndarmarka sem tengjast báðum sveitarfélögunum og einnig við Sveitarfélagið Skagafjörð vegna sveitarfélagamarka. Tillagan var send Sveitarfélaginu Skagafirði, Húnavatnshreppi, Sveitarfélaginu Skagabyggð til umsagnar í mars 2010. Umsögn barst frá Skagabyggð 12. apríl 2010. Gerð er athugasemd við reiðleið í Laxárdal um Balaskarð í landi Skagabyggðar. Reiðleiðin hefur verið felld út af sveitarfélagsuppdrætti Blönduósbæjar. Fyrirvari er hafður á nákvæmni sveitarfélagsmarka.

Þegar sveitarstjórn sendi tillöguna til Skipulagsstofnunar með ósk um leyfi til auglýsingar var eftirfarandi stofnunum send aðalskipulagstillöguna til umsagnar.

? Umhverfisstofnun

? Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið*

? Kirkjugarðsráð (Skipulagsnefnd kirkjugarða)* Umsögn barst 19. apríl 2010 þar sem bent er á að æskilegt er að gera ráð fyrir rúmu óbyggðu svæði umhverfis kirkjugarða.

? Fornleifavernd ríkisins*

? Vegagerðin

? Siglingastofnun Íslands* Umsögn barst frá Siglingamálastofnun 7. apríl 2010 þar sem bent er á að skipulagið þarf að taka tillit til sjóvarnamannvirka sbr. 5. Gr. laga nr. 28/1997. Sjóvarnargörðum hefur verið bætt inn á skipulagsuppdrátt.

? Skógrækt ríkisins*

? Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra*

? Orkustofnun*

? Norðurlandsskóga

? Veðurstofu Íslands

? Landsnet

? Rarik

? Húnavatnshreppur

? Sveitarfélagið Skagafjörður

? Skagabyggð

*Umsagnir bárust áður en sveitarstjórn samþykkti að auglýsa tillöguna.

## 1.2 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

## Umsagnir við athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

## Drög júlí 2010.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkti á fundi sínum 25. maí 2010 að auglýsa til kynningar tillögu að aðalskipulagi Blönduósbæjar fyrir tímabilið 2010-2030, samkv. 1. málsgrein 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsuppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla munu vera til sýnis á skrifstofu Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi frá 28. maí til 25. júní 2010. Ennfremur er tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.blonduos.is þar sem jafnframt er skýrsla vegna fornleifaskráningar. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir

við tillöguna. Athugasemdum skal skila til skrifstofu Blönduósbæjar fyrir 12. júlí 2010 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Blönduósbæjar,
Arnar Þór Sævarsson.

---

Bréfriturum eru þakkaðar góðar ábendingar vill bæjarstjórn Blönduósbæjar benda á að staðið hefur verið að í allri vinnu við gerð skipulagsins í samræmi við lög og reglur. Í eftirfarandi samantekt er gerð grein fyrir þeim xxx umsögnum og athugasemdum sem bárust á ofangreindum auglýsingatíma aðalskipulagsins og er þeim raðað upp eftir dagsetningum. Margar af athugasemdunum eru í öllu sambærilegar eru þær teknar saman og svarað einu sinni til einföldunar. Mikilvægt er að lesa umsagnirnar með hliðsjón af innsendum bréfum því hér er stuttlega gerð grein fyrir þeim:

**ATHUGASEMDIR**

Við greinargerðina er gerð eftirfarandi fjölathugasemd sem frá eftirfarandi aðilum:

**Fjölathugasemd**

**1. Sólveig Gunnarsdóttir, dags. 1. júní 2010**
**2. Edda Björnsdóttir, dags. 7. júní 2010**
**3. Sigþór Guðnason, dags. 7. júní 2010**
**4. Jón Ólafur Jónsson, dags. 7. júní 2010**
**5. Jón Ólafur Jónsson, dags. 7. júní 2010**
**6. Kristján H. Kristánsson, dags. 10. júní 2010**
**7. Páll Heimir Pálsson, dags. 15. júní 2010**
**8. Benedikt Sveinbjörnsson, dags. 16. júní 2010**
**9. Sigmundur Einar Ófeigsson, dags. 16. júní 2010**
**10. Ingvar Már Gíslason, dags. 16. júní 2010**
**11. Reimar Viðarsson, dags. 16. júní 2010**
**12. Geir Árdal, dags. 16. júní 2010**
**13. Helgi Valur Harðarson, dags. 16. júní 2010**
**14. Norðlenska matborðið, dags. 16. júní 2010**
**15. Gísli Einar Árnason, dags. 16. júní 2010**
**16. Manevan Yothakong, dags. 16. júní 2010**
**17. Siguróli Marteinsson, dags. 16. júní 2010**
**18. Þórður Ármannsson, dags. 18. júní 2010**
**19. Anna Kristín Sigursteinsdóttir, dags. 16. júní 2010**
**20. Sigfríð Friðbergsdóttir, dags. 16. júní 2010**
**21. Kristinn Bjarkason, dags. 17. júní 2010**
**22. Sigríður Halldórsdóttir, dags. 17. júní 2010**
**23. Páll Hlöðversson, dags. 17. júní 2010**
**24. Gunnlaugur Frímannsson, dags. 17. júní 2010**
**25. Þorgeir Jóhannesson, dags. 17. júní 2010**
**26. Guðlaug Halla Ísaksdóttir, dags. 17. júní 2010**
**27. Helga Mjöll Oddsdóttir, dags. 18. júní 2010**
**28. Sigurður Kr. Sigurðsson, dags. 18. júní 2010**
**29. Björn Steinar Sólbergsson, dags. 18. júní 2010**
**30. Magni Ingibergur Cæsarsson, dags. 19. júní 2010**
**31. Ragnar Hólm Bjarnason, dags. 19. júní 2010**
**32. Margrét Hannesdóttir, dags. 20. júní 2010**
**33. Hallmundur Kristinsson, dags. 20. júní 2010**
**34. Auður Eir Guðmundsdóttir, dags. 20. júní 2010**
**35. Gunnar Tryggvason, dags. 20. júní 2010**
**36. Böðvar Bjarnason, dags. 21. júní 2010**

---

37. Anna Kristín Guðjónsdóttir, dags. 21. júní 2010
38. Jón Gísli Grétarsson, dags. 21. júní 2010
39. Á. Snorri Árnason, dags. 21. júní 2010
40. Björn Sigurðsson, dags. 21. júní 2010
41. Tómas B. Böðvarsson, dags. 21. júní 2010
42. Bergljót Líndal, dags. 21. júní 2010
43. Jóhann Jóhannsson, dags. 22. júní 2010
44. Þorvaldur Helgi Sigurpálsson, dags. 22. júní 2010
45. Hallur Jónas Stefánsson, dags. 22. júní 2010
46. Magnús V. Snædal, dags. 22. júní 2010
47. Guðmundur Logi Lárusson, dags. 23. júní 2010
48. Friðrik Sigurðsson, dags. 23. júní 2010
49. Árni Magnússon, dags. 23. júní 2010
50. Soffía Alfreðsdóttir, dags. 23. júní 2010
51. Eiríkur Sigfússon, dags. 23. júní 2010
52. Herdís Hermanndóttir og Karl Sigurðsson, dags. 23. júní 2010
53. Nína Þórðardóttir, dags. 23. júní 2010
54. Guðmundur Brynjólfsson, dags. 23. júní 2010
55. Júlíus Snorrason, dags. 23. júní 2010
56. Dóra Herbertsdóttir, dags. 23. júní 2010
57. Áki Áskelsson, dags. 23. júní 2010
58. Örn Indriðason, dags. 23. júní 2010
59. Halldóra Sævarsdóttir, dags. 23. júní 2010
60. Haukur Grettisson, dags. 23. júní 2010
61. Birgir Hrannar Stefánsson, dags. 23. júní 2010
62. Sveinn Hreinsson, dags. 24. júní 2010
63. Friðjón G. Jónsson, dags. 24. júní 2010
64. Guðrún E. Jónsdóttir, dags. 24. júní 2010
65. Sigurður Bárðarson, dags. 24. júní 2010
66. Sigríður Svana Pétursdóttir, dags. 24. júní 2010
67. Óli Þór Ástvaldar, dags. 24. júní 2010
68. Jóna Matthíasdóttir, dags. 24. júní 2010
69. Jóhann Sigurjónsson, dags. 24. júní 2010
70. Jóhannes Már Jóhannesson, dags. 24. júní 2010
71. Jón Sigurðsson, dags. 24. júní 2010
72. Runólfur Hilmar Júlíusson, dags. 24. júní 2010
73. Sigurður Bjarni Jónsson, dags. 24. júní 2010
74. Rúnar Haukur Ingimarsson, dags. 24. júní 2010
75. Þorkell Pálsson, dags. 24. júní 2010
76. Guðmundur Svavarsson, dags. 24. júní 2010
77. Sigríður Garðarsdóttir, , dags. 27. júní 2010
78. Hugrún Dögg Harðardóttir, dags. 27. júní 2010
79. Sigurbjörn Kristjánsson, dags. 27. júní 2010
80. Einar Hrafnkell Haraldsson, dags. 27. júní 2010
81. Viðar Sigurðsson, dags. 28. júní 2010
82. Jón Hafsteinn Jóhannsson, dags. 28. júní 2010
83. Dóra Albertsdóttir, dags. 29. júní 2010
84. Einar S. Bjarnason, dags. 29. júní 2010
85. Albert Valdimarsson, dags. 29. júní 2010
86. Alexandar Pálsson, dags. 29. júní 2010
87. Þórhallur Guðmundsson, dags. 29. júní 2010
88. Ágúst Hilmarsson, , dags. 29. júní 2010
89. Þórir Karlsson, dags. 29. júní 2010
90. Nanna Baldursdóttir, dags. 30. júní 2010
91. Ester Jónasdóttir, dags. 30. júní 2010
92. Guðjón Heimir Sigurðsson, dags. 30. júní 2010
93. Jón Sigfússon, dags. 30. júní 2010
94. Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, dags. 30. júní 2010

95. Steingrímur Örn Eiðsson, dags. 30. júní 2010
96. Halla Snorradóttir, dags. 30. júní 2010
97. Jóhannes Mikaelssson, dags. 30. júní 2010
98. Hrund Ásgeirsdóttir, dags. 30. júní 2010
99. Sigurður Aðalgeirsson, dags. 30 júní 2010
100. Sigrún María Steinarsdóttir, dags. 1. júlí 2010
101. Petra Heimisdóttir, dags. 1. júlí 2010
102. Jón Einar Árnason, dags. 1. júlí 2010
103. Leifur Eiríksson, dags. 1. júlí 2010
104. Herborg Sigfúsdóttir, dags. 1. júlí 2010
105. Baldur Dýrfjörð, dags. 1. júlí 2010
106. Andri Teitsson, dags. 1. júlí 2010
107. Teitur Jónsson, dags. 1. júlí 2010
108. Auður Hörn Freysdóttir, dags. 1. júlí 2010
109. Þór Freysson, dags. 1. júlí 2010
110. Gerður Rán Freysdóttir, dags. 1. júlí 2010
111. Jón Ingi Jónsson, dags. 1. júlí 2010
112. Birgir Karl Birgisson, dags. 2. júlí 2010
113. Kristinn Magnússon, dags. 2. júlí 2010
114. Valgerður Magnúsdóttir, dags. 2. júlí 2010
115. Örn Marínó Árnason, dags. 3. júlí 2010
116. Páll Jóhannesson, dags. 4. júlí 2010
117. Hjalti Páll Þórarinsson, dags. 5. júlí 2010
118. Ágúst Ómar Halldórsson, dags. 5. júlí 2010
119. Hera Kristín Óðinsdóttir, dags. 5. júlí 2010
120. Svandís Gunnarsdóttir, dags. 5. júlí 2010
121. Magnús Friðriksson, dags. 5. júlí 2010
122. Pétur Jónsson, dags. 5. júlí 2010
123. Albert Gestsson, dags. 5. júlí 2010
124. G. Ómar Pétursson, dags. 5. júlí 2010
125. Elvar Már Sigurðsson, dags. 5. júlí 2010
126. Ingvar Björn Ingvarsson, dags. 5. júlí 2010
127. Ingvar Björnsson, dags. 5. júlí 2010
128. Soffía Tryggvadóttir, dags. 5. júlí 2010
129. Magnús Gislason, dags. 5. júlí 2010
130. Stefanía Sigmundsdóttir, dags. 5. júlí 2010
131. Sverrir Guðmundsson, dags. 6. júlí 2010
132. Eiríkur Þórðarson, dags. 6. júlí 2010
133. Haukur Sigfússon, dags. 6. júlí 2010
134. Helena Þ. Karlsdóttir, dags. 6. júlí 2010
135. Guðjón Björnsson, dags. 6. júlí 2010
136. Tinna Ingvarsdóttir, dags. 6. júlí 2010
137. Sigurvin Jóhannesson, dags. 6. júlí 2010
138. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, dags. 9. júlí 2010
139. Sólveig Jónsdóttir, ódags.
140. Kristján Hjálmarsson, ódags.
141. Óðinn Árnason, ódags.
142. Guðrún Björg Harðardóttir, ódags.
143. Arnaldur Birgir Magnússon, ódags.
144. Magnús Þór Ásgeirsson, ódags.
145. Emilía Bára Jónsdóttir, ódags.
146. Margrét Róbertsdóttir, ódags.
147. Hrannar Ólafsson, ódags.
148. Margrét Björgvinsdóttir, ódags.
149. Svana Þorgeirsdóttir og Gunnar Kárason, júní 2010
150. Árni Árnason, júní 2010

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.*

*Með vísan til auglýsinga eftir athugasemdum við ofangreindar tillögur, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í tillögunum skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan vilja mikils meirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra.*

*Um að ræða einar arðsömustu vegagerð sem ráðast má í hérlendis. Vegur þessa leið styttir leið fyrir umferð milli Norðausturlands- og vesturhluta landsins um og yfir 13 km og stuðlaði þannig að umtalsvert auknu umferðaröryggi, skemmri akstursttíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun, lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands, fjölbreyttara leiðavali og á allan hátt hagkvæmari, þægilegri og öruggari akstri. Vegagerðin hefur óskað eftir að gert yrði ráð fyrir veginum í tillögum að aðalskipulagi sveitarfélaganna, m.a. til aukins umferðaröryggis. Vinna við gerð vegarins mun einnig skapa verðmæt störf nú á tímum mikils atvinnuleysis.*

*Ekki er að sjá að þessi sjónarmið hafi verið höfð í huga hjá sveitarfélögunum við undirbúning aðal-skipulagsins þrátt fyrir fjölmargar óskir þar um. Skora ég því á Húnavatnhrepp og Blönduósbæ að virða vilja meirihluta þjóðarinnar og þeirra sem fara milli norðaustur- og vesturhluta landsins og gera ráð fyrir umræddum vegi í tillögum sínum að aðalskipulagi sveitarfélaganna í stað þess að beina umferðinni æstu 20 ár 13 km lengri leið en ella væri. Yrði breytt skipulag mjög í þágu byggðar og greiðra samgangna í landinu.“*

Umsögn:

**Bæjarstjórn getur ekki tekið undir þá fullyrðingu að meirihluti landsmanna allra sé hlynnt Húnavallaleið. Ekki liggja fyrir neitt sem staðfestir þennan vilja. Afstaða bæjarstjórnar er skýr varðandi tillögu Vegagerðarinnar um Húnavallaleið. Bæjarstjórn getur engan veginn fallist á tillöguna þar sem Blönduósbær er miðkilvæg þjónustumiðstöð fyrir íbúa Austur-Húnavatnssýslu og þar er löng hefð fyrir þjónustu við vegfarendur. Falli Blönduósbær úr alfaraleið mun það hafa alvarleg og neikvæð byggða-, efnahags- og samfélagsleg áhrif á byggðarlagið þar sem tæpir 14 km verða til Blönduós frá þeim stað þar sem nýr vegur á að liggja. Rök bæjarstjórnar eru eftirfarandi.**

**1. Húnavallaleið er ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í samgöngumálum í aðalskipulagi eru sett fram þessi markmið:**

- **Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög.**
- **Aukið verði öryggi vegfarandaá vegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengibrauta og fækkun heimtraða við Hringveginn vegna umferðaröryggis.**
- **Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.**
- **Markviss fækkun einbreiðra brúa.**
- **Stuðla að styrkingu og hækkun vega á snjóastöðum og að slitlag sé sett á fjölförnustu vegina.**

**2. Við gerð aðalskipulagsins voru til grundvallar þær áætlanir sem ríkisvaldið hefur samþykkt og eru í gildi. Þar ber m.a. að nefna Byggðaáætlun 2010-2013, Vaxtasamningur Norðurlands vestra, Samgönguáætlun 2007-2010, Náttúruverndaráætlun 2009-2013, Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 o.s.frv. Húnavallaleið er ekki í samræmi við gildandi Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 sem gerir ekki ráð fyrir henni. Í svarbréfi samvinnunefndar Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu við athugasemdum Vegagerðarinnar dags. 7. apríl 2005 kom eftirfarandi fram: „Það er samdóma álit heimamanna að lega Hringvegar sé á allan hátt farsæl st fyrir héraðið um Blönduós. Blönduós er aðalþjónustukjarni og miðstöð héraðsins. Hins vegar hefur verið í umræðu sveitarstjórnarmanna og fleiri hagsmunaaðila að kannaður verði ofan í kjölinn sá möguleiki að færa Hringveginn yfir á Þverárfjall og þaðan yfir í Hjaltadal og leggja hann þaðan um jarðgöng yfir í Barkárdal með tengingu til Akureyrar. Á þann hátt má ná fram afar hagstæðri vegtengingu um allt Norðurland. Af framangreindum ástæðum sér Samvinnunefnd svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu 2004-2016 sér ekki fært að verða við óskum Vegagerðarinnar um að gera ráð fyrir færslu Hringvegarins um Sveinsstaða- og Torfalækjarhrepp.“**

3. Eitt af meginmarkmiðum í tillögu að aðalskipulagi Blönduóss er að stuðla að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög. Í Vaxtasamningi fyrir Norðurland vestra, sem gefið er út af Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu 2006, voru settar fram tillögur um úrbætur í samgöngumálum fyrir Norðurland vestra. Þar er rifjuð upp ályktun frá stjórn SSNV vegna umsagnar um byggðaáætlun 2006–2009, þar sem talið er mjög brýnt að Norðurland vestra verði skilgreint sem sérstakur landshlutakjarni með Sauðárkrók sem höfuðstað. Það felur m.a. í sér að aukin áhersla verði lögð á samgöngubætur á svæðinu. Aðalsamgönguleiðin á milli Suðurlands og Norðurlands liggur um Norðurland vestra. Verkefnisstjórn um vaxtarsamning lagði fram eftirfarandi tillögur með áherslu á samgöngubætur:

„1. Jarðgöng undir Tröllaskaga. Brýnt er að tekin verði ákvörðun innan árs um endurbætur á vegum á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðarsvæðisins með jarðgöngum og öðrum endurbótum, en slíkt verður ekki gert nema með einhverjum af eftirfarandi valkostum í formi jarðganga. Þetta er orðið afar mikilvægt í ljósi þess mikla umferðarþunga sem er á þessari þjóðbraut á milli Norður- og Suðurlands.

a) Göng, Hjaltadalur – Barkárdalur – Hörgárdalur, framkvæma þarf hagkvæmnisathugun.“

Með jarðgöngum á Tröllaskaga styttist vegalengd frá Akureyri til Sauðárkróks um allt að 31 km og til Blönduóss um allt að 18 km með vegstyttingum sem er meiri stytting en Húnavallaleið gerir ráð fyrir eða 13 km. Til Reykjavíkur styttist því leiðin um allt að 18km. Í Vaxtarsamningnum eru einnig settar fram tillögur um aukið samstarf á milli einstakra byggðakjarna innan svæðisins þá sér í lagi hvað varðar heilbrigðisþjónustu, skólamál og í landbúnaði. Grundvallarþáttur til að efla samstarfið eru bættar samgöngur innan svæðisins.

4. Í samgönguáætlun eru sett fram fimm markmið um þróun í samgöngum:

- Greiðari samgöngur
- Hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur
- Umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Öryggi
- Jákvæð byggðaþróun

Markmiðið um jákvæða byggðaþróun er nýmæli í samgönguáætlun en með því er meðal annars stefnt að því að grunnkerfi samgangna nái til allra þéttbýlisstaða með 100 íbúa eða fleiri. Við forgangsröðun á ráðstöfun fjármagns verður því ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar því iðulega vega þungt rök um betri tengingar byggða. Með Húnavallaleið myndu nást fjögur af fyrrgreindum markmiðum en ekki er horft til byggðaþróunar í héraðinu. Með tilkomu bætts vegar um Þverárfjall og jarðgöngum um Tröllaskaga þá yrðu samgöngur greiðari og öruggari og með tíð og tíma einnig hagkvæmar og sjálfbærar. Markmiðinu um jákvæða byggðaþróun væri aftur á móti á allan hátt fullnægt og atvinnu- og þjónustusvæði stækka enn frekar sem myndi ná um allt Norðurland ef Vaðlaheiðargöng eru tekin með. Ennfremur losna vegfarendur við tvo fjallvegi, þ.e. Öxnadalsheiði sem liggur hæst í 540 m yfir sjó og Vatnsskarð sem liggur hæst í 420 m.y.s. Þverárfjallsvegur liggur hæst í 322 m og því má áætla að mokstursdögum myndi fækka í kjölfarið.

5. Bæjarstjórn leggur áherslu á að átak verði gert í tengivegum (bundið slitlag) innan svæðisins. Mikil þörf á því vegna breyttrar atvinnusóknar innan sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.

6. Samfélagsleg áhrif á Blönduós með Húnavallaleið eru að mati bæjarstjórnar vanmetin. Í skýrslu sem gerð var af Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Húnavallaleið (Svínavatnsleið) er talið að þjónusta sem tengjast umferð Hringvegar í gegnum Blönduós skapi allt að 60 ársverk. Ljóst er að stór hluti þeirra ársverka myndi glatast eða flytjast til frá Blönduósi. Ef þessar tölur eru settar í samhengi við Akureyri eða Reykjavík, þar sem Hringvegurinn liggur einnig í gegn, þá erum að ræða um talsverða fækkun starfa. Með styttingu Hringvegarins um Þverárfjall og með göngum úr Hjaltadal yfir í Hörgárdal myndi flutningskostnaður einnig lækka fyrir íbúa Norðurlands vestra með styttri flutningsleiðum t.a.m. til Akureyrar. Í Vaxtarsamningnum kemur fram að „Norðurland vestra er vel í sveit sett hvað varðar fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Mörg tækifæri eru til þess að styrkja enn frekar svæðið með bættum samgönguleiðum innan svæðisins og til þessara tveggja meginþéttbýliskjarna landsins. Uppbygging Þverárfjalls og gerð Héðinsfjarðarganga er fyrsti leggurinn í þessa átt en áframhaldandi gerð

**„norðurásins" með göngum undir Hjaltadalsheiði þýði enn betri tengingu við Eyjafjarðarsvæðið en nú er og er nauðsynleg."**

**7. Sveitarfélagið telur að almennar vegabætur á núverandi vegi myndu fækka slysum á Hringveginum verulega með breikkun vegar og hönnun sem tryggir hámarksumferðaröryggi. Bent er á að ráðast má í brýnni aðgerðir varðandi styttingu Hringvegarins sem fleiri myndu njóta góðs af og ber þar hæst að nefna gerð Sundabrautar en með henni næst 5-10 km stytting á milli Akureyrar og Reykjavíkur, en einnig tvöföldun Suðurlands- og Vesturlandsvegar.**

**8. Fyrrgreindar aðgerðir eru allar til þess fallnar að skapa verðmæt störf á erfiðum tímum og mun fleiri en gerð Húnavallaleiðar.**

**9. Þess ber að geta að leiðarval Húnavallaleiðar liggur skv. gögnum Nytjalands frá 2005 um stórt samfellt votlendi sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.**

**10. Að lokum ber að nefna að Húnavallaleið er ekki inn í gildandi Samgönguáætlun en tillaga að langtímasamgönguáætlun 2007-2018 var aldrei samþykkt og því að öllu ótækt og sveitarfélaginu beinlínis óheimilt að setja inn vegi sem ekki eru inni á áætlun ríkisvaldsins.**

**151. Eyþing, dags. 16. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030 varðandi Húnavallaleið.*

*Á fundi stjórnar Eyþings 10. júní komu aðalskipulagstillögur Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar til umræðu í tengslum við mögulegar vegstyttingar. Stjórnin samþykkti að vísa til eftirfarandi bókunar frá 4. mars sl.:*

*„Stjórn Eyþings tekur undir sjónarmið Vegagerðarinnar um að Húnavallaleið (Svínavatnsleið) og ný veglína í Skagafirði verði settar á aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga. Umræddar veglínur leiða til mikilvægrar styttingar á Hringveginum. Stjórnin minnir á samþykkt frá aðalfundi Eyþings 2009 um að skoðaðir verði ítarlega möguleikar á styttingu Hringvegarins milli Norðaustur- og Suðvesturlands."*

*Í samræmi við fyrrgreinda bókun vill stjórn Eyþings koma á framfæri athugasemdum við að í aðalskipulagstillögunum skuli ekki gert ráð fyrir nýjum vegi um Húnavallaleið. Stjórnin skorar á hlutaðeigandi sveitarstjórnir að gera ráð fyrir veginum í aðalskipulagstillögum sínum.*

*Athugasemdum stjórnar Eyþings er hér með komið á framfæri."*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldathugasemd 1-150.**

**152. Laufey Guðjónsdóttir, dags. 18. júní 2010**

*„EFNI: ATHUGASEMD VIÐ TILLÖGUR AÐ AÐALSKIPULAGI HÚNAVATNSHREPPS 2010-2022 OG BLÖNDUÓSBÆJAR 2010-2030. MEÐ VÍSAN TIL AUGLÝSINGA Á OFANGREINDUM TILLÖGUM, M.A. Á VEF SKIPULAGSSTOFNUNAR, LEYFI ÉG MÉR HÉR MEÐ SEM VEGFARANDI AÐ GERA ATHUGASEMDIR VIÐ AÐ Í ÞEIM SKULI EKKI GERT RÁÐ FYRIR VEGI UM SVÍNAVATNSLEIÐ (HÚNAVALLALEIÐ) OG ÓSKA EFTIR AÐ ÚR ÞVÍ VERÐI BÆTT: RÖKIN ERU SEM HÉR SEGIR: EINS OG ALLIR VITA ER BENSÍNLÍTERINN ANSI DÝR OG ÞAÐ ER DÝRT AÐ KEYRA Á MILLI AKUREYRAR OG REYKJAVÍKUR. FYRIR MIG SEM FER TIL REYKJAVÍKUR NOKKRUM SINNUM Á ÁRI MUNAR UM ÞESSA KM."*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldathugasemd 1-150.**

**153. Sigurður Rúnar Ragnarsson, dags. 22. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökin eru þessi:*

*Hef kynnt mér hugmynd að vegstæði frá Brekku í Húnavallahreppi að Hvammi í Langadal (Húnavalla/Svínavatnsleið). Við fyrstu sýn álít ég að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á dýralíf, gróður, landslag eða búsetu á svæðinu.*

*Stytting aðalumferðaræðar hefur umtalsverð jákvæð áhrif fyrir meginþorra vegfarenda auk þess að stuðla að lækkun kostnaðar við vöruflutninga á þessari leið.*

*Ég tel að sveitarstjórnum Blönduósbæjar og Húnavallahreppsberi siðferðileg skylda til að láta reyna á hvað áárif framkvæmdin hefur með því að gera ráð fyrir henni á skipulagi þannig að frekar verði gert umverfismat vegna hennar.*

*Ég sætti mig illa við að ofangreindar sveitarstjórnir í umboði íbúa sveitarfélaganna geti ákveðið að kostnaður minn við hverja ferð þar ígegn verði eitt - til tvö þúsund krónum hærri en þyrfti að vera.*

*Ég nýt góðrar gestrisni þegar ég heimsæki kjiættingja og vini á Blönduósi. Það er hins vegar ekki gestrisni að þvinga þá til heimsókna sem telja sig ekkert erindi eiga.“*

**Umsögn:**

**Samkvæmt tillögu að matsáætlun fyrir Svínavatnsleið frá 2007 þá hefur svæðið sem um ræðir hefur verið kortlagt í verkefninu Nytjaland (Landbúnaðarháskóli Íslands - nóvember 2005) en ekki er vitað um aðrar heimildir um gróður á svæðinu. Ljóst er af kortum að gróður er allfjölbreyttur á því svæði sem fyrirhugað vegarstæði liggur um. Þar er mólendi afmismundandi toga, votlendi, deiglendi, graslendi og ræktað land. Votlendi er töluvert útbreitt. norður af Reykjum og nær samfellt á miðbiki framkvæmdasvæðisins en samkvæmt gögnum frá Nytjalandi er um að ræða stórt samfellt votlendi sem nýtur verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Þar sem gróðurlendi eru nokkuð fjölbreytt má reikna með að allmargar tegundir finnist á svæðinu. Válistategundin Stefánssól (Papaver radicatum) gæti t.d. fundist á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar. Fuglalíf er fjölbreytt á svæðinu enda um fjölbreytt votlendi að ræða og mikill fjöldi varpfugla eru við Hafratjörn þar sem vegurinn mun liggja mjög nærri. Ljóst er að fyrirhugaður stofnvegur yrði nokkuð áberandi í landinu þar sem vegurinn lægi þvert yfir Húnavatnshrepp.**

**Að öðru leyti sjá svar bæjarstjórnar við fjöldathugasemd 1-150.**

## 154. Frímann Guðmundsson, dags. 22. júní 2010

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökmín eru sem hér segir:*

*Leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur styttist um 14 km, sem er þjóðhagslega mjög hagkvæmt, er ekki komið nóg af eiginhagsmunum án tillits til annarra, það hefur verið þjóðinni dýrt.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldathugasemd 1-150.**

## 155. Martha Óskarsdóttir, dags. 23. júní 2010

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt: Rökmín eru sem hér segir: Mun stytta leið mína til Reykjavíkur verulega.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldathugasemd 1-150.**

## 156. Ragnar Kristjánsson, dags. 23. júní 2010

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt: Rökmín eru sem hér segir: Mun stytta leið mína til Reykjavíkur verulega.*

*Einnig Einnig verður sparnaður mikill í eldsneytiskaupum fyrir einstaklinga og fyrirtæki þegar til lengri tíma er litið.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**157. Gísli Gunnlaugsson, dags. 23. júní 2010**

*„Með vísan til skipulagslaga frá 1997 mótmæli ég tillögu að aðalskipulagi Blönduósbæjar til 2030 og Húnavatnshrepps til 2022. Ástæðan er sú að ekki er gert ráð fyrir vegi sem kallaður er Húnavallaleið eða Svínavatnsleið og styttir þjóðveg 1 um 14 km. Það er augljóst að þessi stytting vegarins er gríðarlega hagkvæm og mikið hagsmunamál fyrir mig og aðra vegfarendur auk þess að vera umtalsverður sparnaður á innfluttum orkugjöfum. Ég vek athygli á því að þessi ákvörðun er tekin af þeim fámenna minnihluta landsmanna sem ekki nýtur góðs af styttingu leiðarinnar á þessum stað. Það er því fullkomlega út í hött að þeir aðilar taki þessa ákvörðun fyrir hönd allra hinna sem njóta góðs af styttingunni.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**158. Sigurður Ólafsson, dags. 23. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökin eru sem hér segir:*

*Stytting á þessari leið mun spara mér peninga þegar ég ek á milli Akureyrar og Reykjavíkur sem ég geri nokkuð oft á ári. Þetta nýja vegastæði mun hinsvegar ekki verða þess valdandi að ég hætti að koma til Blönduóss sem er mjög fallegur bær. Við það að losna við umferðarþungann í gegnum Blönduós gerið það tjald og útivistasvæðið við ánna mun eftirsóknaverðara, friðsælla og öruggara á allan hátt.”*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**159. Jónas Bergsteinsson, dags. 23. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökin eru sem hér segir:*

*Leiðin styttist á milli Reykjavíkur og Akureyrar sem er veruleg samgöngubót“.*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**160. Gunnar Kristinsson, dags. 23. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökin eru sem hér segir:*

*Ég vil stytta leiðina til Rvk frá Akureyri og fá betri og greiðari leið Ég vil ekki vera neyddur til að taka á mig krók til þess eins að þjóna duttlungun einhverra bæjarfélaga sem geta neitað að setja þjóðhagstæðar vegabætur í skipulag hjá sér.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**161. Hermann Ragnar Jónsson, dags. 23. júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rökin eru sem hér segir: Stytting vegar á milli landshluta er þjóðhagslega hagkvæmt og orkusparandi."*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**162. Garðar Tryggvason, júní 2010**

*„Ég vil óska eftir því að gert verði ráð fyrir lagningu vegar, Húnavalla/Svínavatnsleið, í aðalskipulagi Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps, ég tel raunar ótækt ef það verður ekki gert ráð fyrir lagningu þessa vegar sökum þess hagræðis sem af styttingunni mundi hljótast."*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**163. Bjarni Jónsson, júní 2010**

*„Ég skora á rétta aðila að koma vegstyttingu milli norðausturlands og vesturlands á skipulag. Það er ótækt að hagsmunir eins og sjoppureksturs neyði menn til að aka 14 km lengri leið í hvert skipti sem ekið er á milli. Þótt menn vilji sínum vel eru takmörk fyrir hversu langt er hægt að ganga í hagsmunagæslu og skulu menn hafa það í huga hversu hlægilegar þær tilraunir verða þegar fram í sækir. Að standa í vegi fyrir þessari sjálfsögðu bætingu á vegakerfi á aulalegum forsendum sem að "vegir séu til að tengja byggðir" dregur niður álit manna á þeim sem þessu halda fram. Þessi forsenda lýsir einfaldlega heimsku ef hún er tekin eins og hún er sögð. Afsakið, en ég mátti til með að koma þessari skoðun áleiðis"*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**164. Sigurður Jóhannesson, júní 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.*
*Með vísan til auglýsinga eftir athugasemdum við ofangreindar tillögur, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í tillögunum skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan vilja mikils meirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra.*

*Um að ræða einhverja arðsömustu vegagerð sem ráðast má í hérlendis. Vegur þessa leið styttir leið fyrir umferð milli Norðausturlands- og vesturhluta landsins um og yfir 13 km og stuðlaði þannig að umtalsvert auknu umferðaröryggi, skemmri akstursstíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun, lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands, fjölbreyttara leiðavali og á allan hátt hagkvæmari, þægilegri og öruggari akstri. Vegagerðin hefur óskað eftir að gert yrði ráð fyrir veginum í tillögum að aðalskipulagi sveitarfélaganna, m.a. til aukins umferðaröryggis. Vinna við gerð vegarins mun einnig skapa verðmæt störf nú á tímum mikils atvinnuleysis.*

*Ekki er að sjá að þessi sjónarmið hafi verið höfð í huga hjá sveitarfélögunum við undirbúning aðal-skipulagsins þrátt fyrir fjölmargar óskir þar um. Skora ég því á Húnavatnhrepp og Blönduósbæ að virða vilja meirihluta þjóðarinnar og þeirra sem fara milli norðaustur- og vesturhluta landsins og gera ráð fyrir umræddum vegi í tillögum sínum að aðalskipulagi sveitarfélaganna í stað þess að beina umferðinni næstu 20 ár 13 km lengri leið en ella væri. Yrði breytt skipulag mjög í þágu byggðar og greiðra samgangna í landinu.*

*Jafnframt er rétt að taka fram að undanfarin ár hef ég ætíð ekið núverandi Svínvetningabraut frekar en að fara um Blönduós ef ég hef verið á ferð um svæðið. Framangreint hefur verið gert í mótmælaskini við sjónarmið sveitarstjórnarsvæðisins. Á næstu árum hyggst ég halda uppteknum hætti og aka Svínvetningabraut og hvetja aðra til hins sama þó það hafi í för með sér að rykmökkur berist bæði yfir tún og bæi."*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**165. Baldvin Valdemarsson, júní 2010**

*„Auglýst hefur verið eftir athugasemdum við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 – 2022 og Blönduósbæjar 2010 – 2030.*

*Bæði sem vegfarandi og atvinnurekandi vil ég koma á framfæri athugasemdum um að ekki skuli vera gert ráð fyrir s.k. Svínavatns- eða Húnavallaleið í tillögunum.*

*Um er að ræða mjög arðsama vegagerð sem mun styrkja alla byggð á Norður- og Austurlandi, stytta vegalengdir og auka umferðaröryggi.*

*Við Blönduós er rekin metnaðarfull þjónusta við vegfarendur. Mikilvægt er að gera einnig ráð fyrir að sú starfsemi verði flutt til í samræmi við hagstæðari leið.*

*Með hagkvæmari samgöngum og styrkingu byggða má gera ráð fyrir að þessi mikilvæga þjónusta hafi möguleika til meiri vaxtar í framtíðinni.*

*Með því að gera ráð fyrir Svínavatns- eða Húnavallaleið falla hagsmunir allra Norðlendinga saman. Að gera ráð fyrir öðru er skammsýni.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**166. Guðríður Magnúsdóttir, Kári Ottóson, Guðjón Kárason, Brynjar Kárason og Rúnar Kárason, júní 2010**

*„Efni: Í sambandi við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Í sambandi við aðalskipulag ykkar með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfum við okkur hér með sem vegfarendur að styðja ykkar tillögu og vona að áframhaldið verði á þá leið að það verði gerð jarðgöng frá Hjaltadal yfir í Hörgárdal.*

*Sú leið ásamt Þverárfjallsvegi styttir leiðina milli Akureyrar og höfuðborgarinnar álíka mikið og Svínavatnaleið. Þó svo að göngin hafi verið felld út úr aðalskipulagi Skagafjarðar þá ætlum við að vona að þau rati þangað inn aftur. Stór kostur er að losna við Öxnadalsheiði sem er 540m y.s. og síðan er Þverárfjallsvegur mun lægra yfir sjávarmáli en Vatnsskarðið. Við erum alveg sannfærð um að það sé ekki síðri ávinningur á þeirri framkvæmd og hún kemur okkur íbúum á norðurlandi til góða og þétti þéttbýliskjarnana. Við teljum þetta eina arðsömustu vegagerð sem ráðast má í hérlendis. Vegur þessa leið styttir leið fyrir umferð milli Norðausturlands- og vesturhluta landsins og stuðlaði þannig að umtalsvert auknu umferðaröryggi, skemmri aksturstíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun, lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands, fjölbreyttara leiðavali og á allan hátt hagkvæmari, þægilegri og öruggari akstri.*

*Vinna við gerð jarðgangnanna og vegarins mun einnig skapa verðmæt störf nú á tímum mikils atvinnuleysis. Við vonum að þessi sjónarmið hafi verið höfð í huga hjá sveitarfélögunum við undirbúning aðal-skipulagsins*

*Skorum við því á Húnavatnshrepp og Blönduósbæ að gera áfram ráð fyrir umræddum vegi í tillögum sínum að aðalskipulagi sveitarfélaganna áfram því það yrði mjög svo í þágu byggðar og greiðra samgangna í landinu.“*

**Umsögn: Bæjarstjórn Blönduósbæjar tekur undir athugasemd.**

**167. Þrándur Ólafsson og samskonar athugasemd frá Guðmundi Ólafssyni, júní 2010**

*„Sæll/sæl,*

*Ég geri athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir Húnavallaleið/Svínavatnsleið í tillögum að aðalskipulagi til 2030.*

*Ég tel að þetta sé brýnt mál og að í uppbyggingarferli vegakerfis landsins sé nauðsynlegt að skoða hagkvæmni og arðsemi þessa vegstæðis til hlítar, sér í lagi þegar litið er 20 ár fram í tímann.*

*Vísa að öðru leyti til málflutnings á síðum Leiðar ehf. (www.leid.is) og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (www.afe.is)*

*Skora á hlutaðeigandi aðila að verða við þessari athugasemd.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**168. Hallur Heimisson, júní 2010**

„Undirritaður gerir hér með eftirfarandi athugasemd við skipulag Blönduóss og Húnavatnshrepps 2010-2030. Með vísan til auglýsinga eftir athugasemdum við ofangreindar tillögur, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í tillögunum skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan viljameirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra. Það hefur löngum verið siður hér á landi við vegalagningu að þræða sem flest sveitabýli og þorp sem mögulegt er. Þessi háttur hefur lengt vegalengdir milli héraða og fjórðunga að óþörfu. Víðast hvar erlendis eru þjóðbrautir lagðar framhjá bæjum, til að minnka slysahættu og og stytta ferðatíma. Það er tímabært að slík vinnubrögð verði tekin upp hér á landi hvar sem þeirra er kostur. Því skora ég á sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld Blönduóss og Húnavatnshrepps að setja styttingu þjóðvegar eitt inná skipulag. Sjá nánar á http://www.afe.is/index.php?pid=160&cid=620."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**169. Gísli Baldvinsson, júní 2010**

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.

Með vísan til auglýsinga eftir athugasemdum við ofangreindar tillögur, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í tillögunum skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan viljameirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**170. Aðalheiður Kjartansdóttir, júní 2010**

„Ég skora á ykkur að vinna að því að stytta leiðina milli norðurs og suðurlands eins og hægt er, og leggja nýjan vegum Húnavallaleið eða svínavatnsleið."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**171. Davíð Arnarson og samskonar athugasemd frá Eyþóri Arnarsyni, Ingibjörgu Eyjólfsdóttur og Kára Anarsyni, dags. júní 2010**

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:

Rökin eru sem hér segir: Styttri ferðatími og ódýrari flutningskostnaður."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**172. Haraldur Huginn Guðmundsson, ódags.**

„Góðan og blessaðan daginn. Ég vil ekki trúa því að það leggist gegn því að stytta leiðina um 14km. Ég veit að það munar um að fá umferinna ígegnum Blönduós. Enn við sem búum austan við ykkur munar um 28Km þegar við þurfum á Suðurlandið."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjölathugasemd 1-150.**

**173. Jón Bjarnason, ódags.**

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:

Rökin eru sem hér segir: Ég vil spara bensín og slit á bifreið og svo það sem er aðalatriðið er umhverfisáhrif vegna mengunar en mengun eykst ef vegalengdir eru lengri en þær þurfa að vera."

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**174. Viðar Magnússon, ódags.**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Athugasemd sams konar og meirihluti athugasemda en bætt er við eftirfarandi.*

*Það verður að teljast sanngjörn krafa að orðið verði við þessum athugasemdum. Að öðrum kosti verði sett upp veggjald sem að hreppurinn borgar í formi bóta til bílstjóra sem bætur sem aka þurfa gegnum hreppinn vegna aukins bensínkostnaðar, sem hefur aldrei hefur verið hærri en nú. Það verður að teljast til merkisatburða í Íslandssögunni þessi þverstrengingsháttur hreppsins móti nýrri vegagerð og framförum almennt. Nú hafið þið tækifæri til að reka af ykkur slyðruorðið.*

*Einnig krefst undirritaður að nýr vegur verði lagður um Svínavatnsleið til að aka þar sem lausaganga fjár er ekki leyfð innan um 90 km hraðaumferðar, en ég einsog margir aðrir hef því miður lent í því að aka á sauðfé við Blönduós, og vegna snjóþunga við Geitaskarð, en þar hef ég einsog margir aðrir þurft að gista vegna færðar vegna þess hve núverandi vegur liggur lágt um snjóþungaleið.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**175. Bæjarráð Akureyrar, dags. 1. júlí 2010**

*„Efni: Stytting hringvegarins – athugasemd við aðalskipulag Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar*

*Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 1. júlí gert eftirfarandi bókun:*

*Bæjarráð Akureyrarbæjar lýsir yfir vonbrigðum með að í tillögum að aðalskipulagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar er ekki gert ráð fyrir að leggja megi nýjan veg um svokallaða Svínavatnsleið (Húnavallaleið) í Austur-Húnavatnssýslu. Þessi vegur myndi stytta leiðina milli Norðausturlands og vesturhluta landsins um tæplega 14 km og stuðla þannig að auknu umferðaröryggi, skemmri aksturstíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun og lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands. Þetta er vafalítið eitt af stærstu hagsmunamálum fyrirtækja og íbúa á Akureyri.*

*Bæjarráð skorar á fyrrgreind sveitarfélög að endurskoða tillögurnar.*

*Þetta tilkynnist hér með.“*

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**176. Árni Ólafsson, dags. 2. júlí 2010**

**Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavallahrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.**

Undirritaður, Árni Ólafsson Akureyri, á hagsmuna að gæta vegna auglýstra tillagna að aðalskipulagi Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Ég á leið um svæðið oft ár hvert akandi milli heimilis míns á Akureyri og höfuðborgarsvæðisins, bæði vegna vinnu og í frítíma. Þess vegna geri ég hér með athugasemdir við auglýstar tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í auglýstum aðalskipulagstillögum er ekki gert ráð fyrir nýjum stofnvegi, Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, sem styttir þessa leið um a.m.k. 13 km en Vegagerðin hefur óskað eftir því að gert yrði ráð fyrir leiðinni í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Rök Blönduósbæjar gegn leiðinni eru þau að þar með færist bærinn úr alfaraleið og að það muni hafa alvarleg og neikvæð byggða-, efnahags- og samfélagsleg áhrif.

Húnavatnshreppur leggur megináherslu á uppbyggingu tengivega í sveitarfélaginu og má skilja af greinargerð aðalskipulagstillögunnar að sú stefna sé e.k. skiptimynt gegn stefnu Vegagerðarinnar um breyttan stofnveg auk þess sem vísað er til meintra hagsmuna Blönduósbæjar.

- Bæði sveitarfélögin hafa sett fram markmið um aukið umferðaröryggi í aðalskipulagstillögum sínum.
- Ný veglína milli Fagraness og Stóru-Giljár myndi bæta umferðaröyggi umtalsvert auk þess sem styttri leið hefði í för með sér skemmri aksturstíma milli megináfangastaða (NA-land - höfuðborgarsvæðið) minni eldsneytiseyðslu og mengun auk lægri flutningskostnaðar en nú er. Hagsmunir íbúa alls Norðausturlands eru miklir í þessu tilliti, bæði efnahagslegir og gagnvart umferðaröryggi.
- Vegurinn milli Fagraness og Blönduóss, sem félli með þessu út sem þjóðvegur 1 og yrði tengivegur innan sveitar, er mjór, bugðóttur og hæðóttur auk þess sem veðravíti er norðan og austan Blönduóss og leiðin til vandræða á vetrum þess vegna. Engin rök geta mælt með endurbyggingu þess vegar sem hluta þjóðvegar 1.
- Ef atvinnulíf Blönduóss á að vera burðugt verður það að byggjast á öðru en þvinguðu gegnumstreymi íbúa Norðausturlands og á kostnað þeirra. Bærinn verður verðmætari og áhugaverðari áfangastaður ferðamanna á grundvelli

vandaðs og fallegs bæjarumhverfis, menningarstarfsemi og fjölbreytts atvinnulífs en sem bensínsjoppa fyrir gegnumstreymisumferð.

- Brottfall meirihluta gegnumstreymisumferðar um Blönduós mun hafa jákvæð áhrif á búsetuumhverfi bæjarins og bæta öryggi innanbæjarumferðar verulega. Auk þess gæti breytt umferðarumhverfi opnað möguleika á endurbótum á bæjarmynd, sem aukið gæti aðdráttarafl bæjarins gagnvart atvinnufyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum.

Með vísan í ofangreind atriði krefst ég þess að gerð verði sú breyting á aðalskipulags-tillögum beggja sveitarfélaganna að gert verði ráð fyrir breytingu á stofnvegakerfi þeirra (þjóðvegi 1) og Svínavatnsleið/Húnavallaleið færð inn á skipulagsuppdrætti í samræmi við óskir Vegagerðarinnar. Með því yrði komið til móts við meginmarkmið beggja sveitarfélaganna um bætt umferðaröryggi, sem hlýtur að teljast mikilvægara öllum öðrum markmiðum um samgöngukerfi þeirra. Auk þess ber sveitarfélögunum að taka almanna-hagsmuni fram fyrir sérhagsmuni.

Ég vek athygli á því að hér er um að ræða grundvallaratriði í samhengi landsáætlana og skipulags sveitarfélaga. Líkur eru á því að beiti sveitarfélögin skipulagsvaldi til þess að gæta meintra sérhagsmuna sinna á kostnað heildarhagsmuna og íbúa heilla landshluta verði forræði þeirra yfir skipulagi vissra þátta af þeim tekið með breyttum skipulagslögum. Andstaða sveitarfélaganna við þá hagkvæmu samgöngubót, sem Vegagerðin hefur lagt til í Húnavatnssýslu, verður því einungis dýrkeypt töf á nauðsynlegri framkvæmd. Í þessu ljósi ítreka ég kröfu mína um breytingar á skipulags-tillögunum þannig að samfélagið allt fái sem fyrst notið bættra vegasamgangna.

**Umsögn: Sjá svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**Sveitarfélagið vill benda á að mikill vilji er fyrir samgöngubótum og telur bæjarstjórn að aðrar leiðir séu betur til þess fallnar sbr. Sundabraut og jarðgöng frá Hjaltadal yfir í Hörgárdal. Því til rökstuðnings er bent á svör við fjöldaathugasemd 1-150. Bæjarstjórn vill enn fremur benda á að stór hluti þéttbýlisstaða á Íslandi eiga mikið undir í þjónustu við ferðamenn sem aka í gegnum bæina á ferð sinni um Hringveginn. Má þar nefna Borgarnes, Varmahlíð, Akureyri, Egilsstaðir, Vík, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík og Mosfellsbær. Bæjarstjórn Blönduósbæjar er ekki kunnugt um mikinn vilja hjá sveitar-/bæjarstjórnum þessara staða að færa Hringveginn sem nemur 14 km frá áðurtöldum stöðum. Bæjarstjórn bendir á að fjölbreytt þjónusta og margir athyglisverðir ferðaþjónustustaðir eru á og við Blönduós auk þess sem Blönduós er mikilvæg öryggismiðstöð við vegfarendur á þjóðvegum svæðisins. Eitt af markmiðum sem fram koma í aðalskipulaginu er uppbygging tengivega sem óbikið er við á svæðinu og eru þeir og verða því alltaf valkostur fyrir ferðamenn ef þeir vilja velja aðrar akstursleiðir en þjóðveg 1. Jákvæð byggðaþróun felst í því að tengja saman byggðir í landinu og er því víða óbikið og er forgangsmál næstu ára ásamt endurbyggingu þjóðvegar 1 sem víða stenst ekki það álag og þær öryggiskröfur sem gerðar eru í dag.**

**177. Kjartan Þór Bjarnason, dags. 6. júlí 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir að úr því verði bætt:*

*Rök mín eru sem hér segir:*

*Mikil óveður verða í utanverðum Langadal sem og við afleggjarann út á Skagaströnd. Aðkoma að Blönduósi er slæm, brekkur á báða vegu, hringtorg og örmjó brú þar sem stórir bílar geta ekki mæst. Vetrarþjónusta er ekki ofarlega á forgangslista í Blönduósbæ.“*

**Umsögn: Sjá svar við fjöldaathugasemd 1-150.. Vegþjónusta þjóðvegar 1 er alfarið á hendi Vegagerðarinnar og tökum við undir áhyggjur þínar af sinnuleysi og töfum á bráðnauðsynlegum úrbótum á brúnni um Blönduós og á tímum slakrar þjónustu. Góðar upplýsingar eru veittar til vegfarenda vegna veðurs en afar fátítt er að þjóðvegurinn við Blönduós lokist vegna veðurs.**

**178. Leið ehf, dags. 6. júlí 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 og Húnavatnshrepps 2010-2020. Nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum er óskað heilla með kjörið í nýafstöðnum kosningum svo og með fyrirliggjandi tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaganna, þótt gera þurfi athugasemdir við eitt veigamikið atriði, sem vænst er að sveitarstjórnir taki öðru vísi á en þær sem áður sátu. Um er að ræða heimild til að leggja nýjan um 17 km veg svonefnda Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, sem stytti leiðina um Hringveginn um allt að 13,7 km. Sem kunnugt eru nokkuð um liðið síðan Leið ehf. óskaði eftir að sveitarstjórnir Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar heimiluðu gerð Svínavatnsleiðar með því að gera ráð fyrir henni í svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu og nú í tillögum sínum að aðalskipulagi, en því ávallt verið synjað. Nú hefur Vegagerðin jafnframt óskað eftir að gert væri ráð fyrir vegi þessa leið í tillögum sveitarfélaganna að aðalskipulagi. Voru hugmyndir hennar m.a. kynntar á opnum fundum þar sem tillögurnar að aðalskipulaginu voru kynntar íbúðum sveitarfélögunum 1. febrúar í Húnavatnshreppi og 2. febrúar í Blönduósbæ. Þrátt fyrir fyrirliggjandi óskir um að gert verði ráð fyrir þessum vegi í aðalskipulagi og þau rök sem liggja að baki hafa sveitarstjórnir þær sem áður sátu ekki gert ráð fyrir þeim. Því eru hér með settar fram eftirfarandi kröfur og athugasemdir:*

*1. Að rétt verði staðið að auglýsingu aðalskipulagstillögunnar og hún því auglýst á ný og þar gert ráð fyrir veginum. Í framhaldinu geta þeir sem telja sig hafa hagsmuni gert þær athugasemdir sem þeir telja efni standa til sbr. 2. mgr. 18. gr. skipulagslaga nr. 731/1997.*

*2. Að sveitarfélögin fallist á að gert verði ráð fyrir hinum nýja vegi í aðalskipulaginu.*

*3. Verði ekki fallist á kröfu skv. lið 2 fallist sveitarfélögin á að aðalskipulag á því svæði sem vegurinn næði yfir verði frestað skv. heimild í 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 731/1997 þar til niðurstaða fæstum hvort af gerð hans getur orðið eða ekki.*

*4. Loks er gerð tillaga um að skapaður verði vettvangur þar sem farameg í yfir og ná samkomulagi um hvernig þeir hagsmunir sem sveitarfélögin Blönduósbær og Húnavatnshreppur telja að skerðist og þeir hagsmunir sem byggðirnar á Norðausturlandi ná fram með styttingu leiða verði sem best samþættir. Raunar má telja hugmynd Leiðar ehf. um veggjöld mjög til málamiðlunar fallna en án efa getur fleira komið til.*

*<u>Um athugasemd 1.</u>*

*Ekki verður fallist á annað en að skylt sé að gera ráð fyrir veginum í aðalskipulagi og þar með í tillögum þeim að aðalskipulagi sem um ræðir og auglýsingum á þeim þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir honum, en í 28. gr. vegalaga segir (med undirstrikun undirritaðs):*

*28. gr. Vegir og skipulag.*

*<u>Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum.</u>*

*<u>Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minnkaðs umferðaröryggis en tillagan felur í sér.</u> Að öðru leyti ferum málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.*

*Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en sá sem Vegagerðin telur betri með tilliti til kostnaðar og tæknilegrar útfærslu og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmuninn. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.*

*<u>Við gerð skipulags skal að öðru leyti haft samráð við Vegagerðina um legu vega eftir því sem þörf krefur.</u> Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi, svo sem með auknum umferðarþunga.*

Þar sem telja verður skýrt skv. tilvitnuðum ákvæðum laganna að heimildir Vegagerðarinnar gangi framar heimild sveitarstjórna á hverjum stað þegar um er að ræða legu þjóðvega í aðalskipulagi, enda ljóst að umferðaröryggi eykst umtalsvert með tilkomu nýs vegar, verður að telja að ekki sé rétt að málum staðið með því að auglýsa tillögunaán þessad veglína skv. hugmyndum Vegagerðarinnar sé höfð þar inni. Ergerð krafaum að tillögurnar verði auglýstar að nýju þar sem veglínurnar verdi sýndar. Verði ekki orðið við þessum tilmælum mun Leið ehf. alvarlega huga að láta reyna á réttmæti auglýsingarinnar hjá þar til bærum aðilum. Er þess vænst að ekki þurfi til þess að koma. Óskað var eftir þessu með bréfi Leiðar ehf. til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar, fyrr á árinu en svör bárust aðeins frá Húnvatnshreppi þar sem beiðninni var hafnað og það rökstutt. Ekki er kunnugt hvaða rök sveitarfélögin hafa sent Vegagerðinni skv. 2. mgr. 28. greinarinnar en miðað við þau rök sem sjá má á opinberum vettvangi m.a. á vef sveitarfélaganna og í bókunum stjórna sveitarfélaganna sem þar birtast svo og í tilvitnuðu bréfi Húnavatnshrepps til Leiðar ehf. verða þau að teljast fremur veik. Minnt skal á að Vegagerðin er ríkisstofnun sem ætlað er að starfa í þágu alls samfélagsins og hefur skv. því sem greinir á vef stofnunarinnar skilgreint hlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

„Að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Með þessu er átt við að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur."

Í þessu ljósi verða jafnt tilvitnuð ákvæði vegalaga og tillaga Vegagerðarinnar um að óska eftir vegi þessa leið að teljast eðlileg, tímabær og rökrétt og á skjön við ótvíræð ákvæði laganna að sniðganga tillögur hennar í auglýsingunnium aðalskipulagið.

<u>Um athugasemd 2.</u>

Þótt athugasemd skv. lið 1 teljist e.t.v. eiga ad falla undir lið 2, þ.e. ef fallist verður á gerð vegarins, þarf án efa að auglýsa aðalskipulagstillöguna á ný.

Að því er varðar þá ósk að gert verði ráð fyrir veginum í aðalskipulagi má tína til fjölmörg rök, sem þó hafa flest verið rakin áður. Skulu þau helstu þó rakin hér:

Skv. skýrslum sem unnar hafa verið er um að ræða eina arðsömustu veglagningu sem um ræðir fyrir íslenskt samfélag. Skv. skýrslu Rannsóknar- og þróunarstofnunar Háskolans á Akureyri, frá því í júní sl. sem byggð er á eldri skýrslu sem unnin var fyrir Leið ehf. 2006 er arðsemi þessa vegar „,.... 11% og er þá miðað við 2.400 m.kr. stofnkostnað án vsk. Ef stofnkostnaðurinn er lægri eða 2.000 m.kr er arðsemin tæplega 14%. Ef stofnkostnaðurinn er enn lægri eða 1.600 m kr er arðsemin tæplega 17% ..." Þótt arðsemi fyrir samfélagið hafi eitthvað lækkað frá fyrri tölum vegna minni umferðar og hækkaðs kostnaðar m.a. vegna krafna um aukna breidd nýrra vega er hún engu að síður umtalsverð. Þá skal minnt á að í ljósi mikilla erfiðleika á verktakamarkaði má gera ráð fyrir hagstæðum tilboðum.

Fyrir liggur að mikill vilji er fyrir þessari vegstyttingu hjá íbúum og öðrum sem fara milli Norðausturlands og vesturhluta landsins. Má um það m.a. benda á ítarlega skoðanakönnun sem raunar er frá árinu 2006, allnokkrar ályktanir bæjarstjórna, og samtaka sveitarfélaganna, Eyþings, Atvinuþróunarfélags Eyjafjarðar o.fl. Bent skal á að af hálfu sveitarfélaganna hefur ekkert verið lagt til umræðunnar um þessar mögulega vegstyttingar annað en almennar staðhæfingar um „vilja heimamanna", að óbreytt lega vegar sé „farsælust fyrir héraðið" og að flutningur vegar hefði „verulega neikvæð áhrif á byggð á Blönduósi" o.s.frv. Á hinn bóginn hefur Leið ehf. látið vinna ítarlega skýrslu um þetta atriði sem nálgast má á vef félagsins. Nefnist skýrslan „Svínavatnsleið - Mat á samfélagsáhrifum" og kom hún út í febrúar 2008. Í skýrslunni kemur fram að gerð nýs vegar þurfi hreint ekki að vera svo neikvæð fyrir byggð á Blönduósi og án efa á það enn frekar við ef gert verður ráð fyrir veggjöldum. Af hálfu Húnavatnshrepps hefur verið bent á að nýr vegur sé í andstöðu við vilja jarðeigenda, sem alls ekki var raunin þegar undirritaður kynnti sér viðhorf þeirra í lok árs 2008, þótt vissulega séu e.t.v. ekki mikil hrifning hjá öllum og einstaka eigendur hafi lagst gegn þessum hugmyndum. Hvað sem því líður er ótækt að sveitarfélag láti eigendur einstakra jarða ráða afstöðu sinni.

Minna verður sérstaklega á að ýmis sú starfsemi og þjónusta sem er að finna á Blönduósi má færa að hinum nýja vegi. Er þar einkum höfð í huga sala á eldsneyti til ökutækja og varningur til ferðamanna. Með styttri vegum og þar með auknum ferðalögum ætti sú þjónusta að geta aukist, jafnvel umtalsvert, frá því sem nú er.

*Vegur þessa leið stytti leiðum tæpa 14 km fyrir þá fjölmörgu sem leið eiga um milli Nordaustur- og vesturhluta landsins. Gróft áætlað sparar 14 km stytting á leið þar sem vænta má jafnmikillar umferðar og raun ber vitni, eða um og yfir 600 ökutæki á dag að meðaltali allt árið, um ferðinni milli 300 til 350 milljón krónur á ári. Er þá miðað við sparnað við akstur ökutækja, smárra og stórra, tímasparnað og aukið umferðaröryggi. Ekki er gert ráð fyrir þeim ávinningi sem ný störf við lagningu vegarins fælu í sér, sem óhjákvæmilega yrði miðað við stöðu efnahagsmála og yfirlýsingar ráðamanna ad vera i einkaframkvæmd. Þetta er sennilega alarðsamasta vegagerð sem ráðast má í á landinu eins og nú háttar til. Má gera ráð fyrr ad þessi stytting lækkaði flutningskostnað milli Nordausturlands og Sudvesturlands um 2 til 3% en vegalengdarstyttingin er 3,5% (13,7 km af 389 km).*

*Loks skal bent á hér að í athugasemd Sambands sveitarfélaga a Nordurlandi vestra til samgöngunefndar Alþingis við meðferð samgönguáætlunar 2009 til 2012, sem dagsett er 18. maí sl. og nálgast má á vef Alþingis segir m.a.: „Viðhald á þjóðvegi 1 um Húnavatnssýslur er stórlega ábótavant og þolir vegurinn ekki þá miklu umferð sem þar ferum dag hvern. Því er mikilvægt að ráðast strax ivíðhald vegarins." Nýrum 17 km vegur með fullri breidd, burðargetu og legu sem fullnægir nútímakröfum og kæmi í stað um 30 km af eldri vegum ætti að bæta um talsvert úr þessu ástandi.*

*<u>Um athugasemd 3</u>.*

*Í ljosi þeirra miklu hagsmuna sem íhúfi eru fyrir samfélagið af styttum vegum þótt slíkar framkvæmdir kunni að þýða eitthvað minnkuð umsvif á þeim þéttbýlisstöðum sem verða fyrir minni umferð þykir til vara mega gera tillögu um að ákvorðun um staðfestingu aðalskipulags á því svæði sem vegurinn nær yfir verði frestað.*

*Þetta varð t.d. niðurstaðan í Skagafirði eftir að yfirvöld þar höfðu kynnt tillögu að aðalskipulagi þar sem ekki var gert ráð fyrir nýjum ca. 15 km vegi vegi til styttingar Hringvegi þar. Tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun andstætt vilja sveitarstjórnar að taka út það svæði sem vegur skv. tillögu Vegagerðarinnar lægi um og fresta skipulagi. Var sú niðurstaða nú nýverið staðfest af umhverfisráðuneytinu. Má um þetta sjá m.a. í fréttasafni á vef Vegagerðarinnar.*

*Mætti þá nýta tímann til að leita eftir málamiðlun, sbr. lið 4.*

*<u>Um athugasemd 4</u>*

*Telja verður að af hálfu bæjaryfirvalda á Blönduósi gæti nokkurs einstrengingsháttar varðandi þessa hugsanlegu veglagningu, sem m.a. lýsir sér íbv íað áform að er að láta aðalskipulagið gilda allt til 2030 eða í 20 ár. Af hálfu Leiðar ehf. hefur nokkud verið reynt til að fá fram umræður um þessa vegstyttingu við yfirvöld. Blönduósbæjar. M.a. sótti undirritaður fund med bæjarstjórninni sl. haust. Af hálfu Leiðar ehf. og Atvinnuþróunarfélags Eyfirðinga var staðið að opnum fundi i Húnaverium þessa vegstyttingu i byrjun október og þingmönnum beggja kjördæma og sveitarstjórnarmönnum þeirra sveitarfélaga sem nýir vegir lægu boðið til fundarins. Vitað er að á vettvangi Eyþings og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur verið fundað um þetta, en allt án árangurs.*

*Verður að telja æskilegt að skapaður verði vettvangur til að leiða þetta mál til lykta með sem minnstum neikvæðum áhrifum fyrir Blönduós. Sýnist það best verða gert með því að draga fram staðreyndir málsins og reyna síðan að huga að úrræðum til að lágmarka þann skaða sem byggð á Blönduósi kann að verða fyrir.*

*Skal áréttað enn og aftur að veggjöld sem nema e.t.v. á bilinu 500 til 600 kr. fyrir fólksbíla og 1.500 til 2.000 kr. fyrir stóra bíla ættu að geta dregið verulega úr neikvæðum áhrifum vegarins og leiddi væntanlega til þess að flestir vegfarendur hugsuðu sig vel um áður en þeir færu hina styttri leið. Þær sem nýttu sér hana mundu síðan án efa hvort eð er ekki hafa áð á Blönduósi og því lítið á ferð þeirra með fram þéttbýlinu þar að græða.*

*Með vonum að viðunandi niðurstaða náist fyrir alla.“*

**Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 1.**

**Bæjarstjórn getur ekki tekið undir að að heimildir Vegagerðarinnar gangi framar heimild sveitarstjórna á hverjum stað þegar um er að ræða legu þjóðvega í aðalskipulagi. Fyrir liggur úrskurður ráðherra frá 28. júní sl. um vegagerð við Varmahlíð en þar er úrskurðað um frestun á skipulagi þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður og Vegagerðin eru ekki sammála um vegstæði. Ennfremur ber að nefna að vegstæði**

**Húnavallaleiðar liggur um samfellt votlendissvæði sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Sjá annars svar við athugasemdum 1-150.**

**Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 2.**

**Í gildandi samgönguáætlun 2007-2010 er ekki einungis horft til atriða sem snúa að meginmarkmiði í þróun samgangna. Eitt markmiðanna er um jákvæða byggðaþróun sem er nýmæli í samgönguáætlun en meðal annars stefnt að því að grunnkerfi samgangna nái til allra þéttbýlisstaða með 100 íbúa eða fleiri. Við forgangsröðun á ráðstöfun fjármagns verður því ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar. Að öðru leyti er vísað í svör við lið 1 og við athugasemdum 1-xxx. Fyrir liggur að kostnaður við vegagerð hefur margfaldast og því ekki hægt að byggja rökum arðsemismat framkvæmda á óendurskoðuðum og að hluta til úreltum gögnum.**

**Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 3.**

**Sjá svar liðum 1-2 og við athugasemdum 1-150**

**Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 4.**

**Sjá svar liðum 1-2 og við athugasemdum 1-150**

**179. Flutningssvið Samtaka verslunar- og þjónustu, dags. 6. júlí 2010**

*„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduóbæjar 2010-2030.*

*Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar vill flutningasvið SVÞ koma eftirfarandi á framfæri. Það er afstaða flutningasviðs SVÞ að vegstæði þjóðvegar númer eitt geti ekki verið og eigi ekki að vera einkamál einstakra sveitarfélaga. Samgöngur eru lífæð atvinnulífs og almennings hér á landi sem annars staðar. Samkeppnishæfni einstakra svæða landsins byggja á greiðum samgöngum og samgöngubætur eins og stytting vega og aukið umferðaröryggi eru mikilvægari en margt annað. Flutningasvið SVÞ hefur ítrekað mikilvægi þess að hagsmunir heildarinnar eigi að vera leiðarljós skipulags- og samgönguyfirvalda. Sú meðferð sem möguleg stytting þjóðvegar númer eitt hefur fengið hjá einstökum sveitarfélögum á Norðvesturlandi eru skýrt dæmi um að faregi þessum verður að breyta. Flutningasvið SVÞ styður eindregið landsskipulag þar sem hagsmunir heildarinnar eru ávallt uppi á borðinu og gerir á þeim forsendum alvarlegar athugasemdir við ákvarðanir Húnavatnshrepps og Blönduóssum aðalskipulag þar sem sveitarfélögin virðast ætla að komast upp með að afgreiða vegstæði Hringvegarins sem sitt einkamál sem komu öðrum vegfarendum landsins ekki við."*

**Umsögn: Bæjarstjórn Blönduósbæjar hefur bent á aðrar leiðir varðandi samgöngubætur á landinu og telur að horft sé framhjá hagsmunum Blönduósbæjar með tillögu um Húnavallaleið. Þar með eru hagsmunir heildarinnar ekki hafðir að leiðarljósi. Sjá annars svar bæjarstjórnar við fjöldaathugasemd 1-150.**

**180. Vegagerðin, dags. 6. júlí 2010**

Athugasemdin er sett fram í 3 liðum. Tíunduð eru rök sveitarfélagsins í svarbréfi þess til Vegagerðarinnar dags. 16.3.2010 og þeim svarað af Vegagerðinni. Umsögn Bæjarstjórnar Blönduósbæjar er við svörum Vegagerðinnar.

*„Efni: Aðalskipulag Blönduósbæjar 210-2022*

*Vegagerðin vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna auglýsts Aðalskipulags Blönduósbæjar 2010-2022:"*

*Svar Vegagerðarinnar við lið 1 er varðar slysatíðni á þeim hluta Hringvegar sem nýr vegur myndi leysa af hólmi.*

*1. „Slysatíðni er skilgreind sem fjöldi slysa á hverja milljón ekna kílómetra. Rétt er að benda á að yfirlit Umferðarstofu yfir hættulegustu vegarkaflana tekur mið af fjölda slysa en ekki tíðnim.v. ekna km. Eðli málsins samkvæmt verða flest slys þar sem umferð er mest þ.e. á suðvesturhorni landsins. Vegagerðin reiknar út slysatíðni á öllum köflum vegakerfisins og ef borin er saman slysatíðni á þeim köflum vegakerfisins sem hér er til umræðu kemur eftirfarandi í ljós: Miðað er við meðaltal áranna 2004-2008 eða 5 ár. Meðalslysatíðni á Hringvegi nr. 1 er 1,13. Á kaflanum frá Reykjabraut að Blönduósi er slysatíðnin 1,19, í gegnum Blönduós er tíðnin 1,80, frá Blönduósi að Hvammi í Langadal er tíðnin 1,97 og frá Hvammi að Svínvetningabraut er tíðnin*

*0,85. Skv. þessu er ljóst að slysatíðni þess hluta Hringvegarins sem Húnavallaleið leysir af hólmi er há, sérstaklega í gegnum Blönduós og fram að Hvammi. Slysatíðni frá Hvammi og fram dalinn er hins vegar lág, þvert á við það sem sveitarfélagið heldur fram. Mjög auðvelt er að sýna fram á með tæknilegum rökum að nýr vegur um Húnavallaleið verði mun öruggari en núverandi vegur.*

**Umsögn: Bæjarstjórn Blönduósbæjar hefur bent á aðrar leiðir varðandi samgöngubætur á landinu sem stytta Hringveginn og leysa af hólmi fjallvegi og þar með minnka slysatíðni. Aðalskipulagið er unnið á grundvelli stefnu sveitarfélagsins og með vilja íbúa um þróun sveitarfélagsins að leiðarljósi. Við gerð aðalskipulagsins var horft og tekið tillit til gildandi áætlana ríkisvaldins um einstaka málaflokka t.a.m. gildandi samgönguáætlun 2007-2010. Bent er á að í henni er er jákvæð byggðaþróun eitt af markmiðum varðandi þróun í samgöngum og telur sveitarfélagið að það markmið sé ekki haft að leiðarljósi við tillögu Vegagerðarinnar um Húnavallaleið. Sjá annars svar bæjarstjórnar við fjölda athugasemd 1-150. Aðrar áætlanir sem taka þarf tillit til og settar hafa verið fram stefnur um þróun svæðisins í heild sinni er Vaxtasamningur Norðurlands vestra sem gefin er út af Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Byggðaáætlun.**

Svar Vegagerðarinnar við lið 2 er varðar veðurfar í norðanverðum Langadal og á Húnavallaleið.

*2. „Vegagerðin hefur ekki haldbærar athuganir á veðurfari á Húnavallaleið og getur því ekki hrakið þessa fullyrðingu með fullnægjandi hætti. Bent er þó á að mun ólíklegra er að suðvestanáttum fylgi snjókoma og skafrenningur eins og í norðanáttum. Þar að auki verður núverandi leið til taks ef veður lokar nýju leiðinni sem væntanlega verður í algjörum undantekningartilfellum“*

**Umsögn: Bæjarstjórn viðurkennir að veður getur hamlað umferð um norðanverðan Langadal en með bættri þjónustu við tengiveg og þá er Svínvetningabraut þegar fyrir hendi og hægt er að fara hana ef Hringvegurinn lokast.**

Svar Vegagerðarinnar við lið 3 er varðar arðsemi Húnavallaleiðar.

*3. „Vegagerðin heldur því fram í bréfi sínu til Blönduósbæjar frá 15.1.2010 að arðsemi Húnavallaleiðar sé há og liggi á bilinu 15-20%. Við þessa fullyrðingu er stuðst við útreikninga sem Sigbjörn Nökkvi Björnsson vann í lokaverkefni sínu við Háskólann í Reykjavík, sem nefnist „Arðsamar vegalengdarstyttingar á Hringveginum milli Reykjavíkur og Akureyrar“ og lokið var við í desember 2009. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að arðsemi leiðar sem er sambærileg við tillögu Vegagerðarinnar skili 20,8% arðsemi. Vegagerðin hefur metið þessa útreikninga og telur þá uppfylla hefðbundin viðmið til arðsemisútreikninga við samgönguframkvæmdir. Í útreikningunum er tekið tillit til þess að haldið verði áfram þjónustu við núverandi Hringveg þótt reiknað sé með að hún verði minni en nú er. Fullyrðing sveitarfélagsins hvað þetta varðar er því röng. Höfundur reiknar með að umferð tvöfaldist á 25 árum sem gerir að meðaltali um 3% árlega umferðaraukningu. Lengi má deila um forsendur í svona útreikningum en Vegagerðin reiknar með í sínum stöðlum að umferðaraukning verði á bilinu 150-190% á 25 árum sem gerir að meðaltali 1,6-2,7% árlega aukningu að meðaltali. Á árunum 1997-2007 var meðalaukning umferðar á vegakerfinu rúmlega 4% á ári. Að engin umferðaraukning hafi verið yfir Vatnsskarð frá árinu 2000 skýrist vitanlega af tilkomu vegar yfir Þverárfjall. Héðan í frá er hins vegar eðlilegt að reikna með árlegri umferðaraukningu að einhverju marki.*

*Vegagerðin hefur engar forsendur til að meta hversu mikil efnahagsleg áhrif Húnavallaleið komi til með að hafa á Blönduósi og ljóst er að þar eru margir óvissuþættir. Í svarbréfi Blönduósbæjar er því haldið fram að samfélagið verði af allt að 100 m.kr. ár ári. Þessari fullyrðingu fylgir enginn rökstuðningur. Benda má á að vegurinn færist ekki mjög langt frá Blönduósi og ekki óeðlilegt að ætla að ýmis þjónustustarfsemi sem þar er nú færist að nýjum vegi og haldi þar með áfram að skapa tekjur fyrir nærsamfélagið.*

**Umsögn: Bæjarstjórn Blönduósbæjar vill benda á að í samgönguáætlun eru sett fram markmið varðandi þróun í samgöngum og þar kemur fram að ekki eigi einungis að horfa til arðsemisútreikninga (sjá svar bæjarstjórnar við fjölda athugasemd 1-150). Bæjarstjórn Blönduósbæjar vill einnig benda á nýútkomna skýrslu um hagkvæmni strandsiglinga sem myndi leiða til minni umferðaraukningar á þjóðvegum þá sér í lagi umferð stærri bíla. Stjórnvöld vinna um heim vinna að því að færa flutninga af vegum yfir á sjó, fljótabáta og járnbrautir. Bent hefur verið á að raunverulegur samfélagslegur kostnaður við landflutninga sé oft vanmetinn hvað varðar slit á vegum, slysahættu, mengun og önnur umhverfisáhrif. Rannsóknir sýna að slit vega vegna aksturs eins fullhlaðins vöruflutningabíls sé sambærilegur við akstur um 9000 einkabíla. Líklegt er að stjórnvöld muni í framtíðinni krefjast þess að þessi kostnaður komi fram í flutningsgjöldum. Fullyrðing**

**bæjarstjórnar að samfélagið verði af allt að 100 m.kr. á ári er ekki langt frá tölu sem kemur fram í skýrslu Rannsóknar – og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri um samfélagsleg áhrif Svínavatnsleiðar. Þar kemur fram að heildarvelta vegna gegnum streymisumferðar liggi á bilinu 68-85 milljónir kr. á ári (eldsneytiskaup ekki meðtalin).**

Svar Vegagerðarinnar við lið 4 er varðar forgang í samgöngumálum.

*„Vegagerðin vill taka fram að beiðni hennar um Húnavallaleið verði sett inn á aðalskipulag tengist ekki forgangsröðun vegaframkvæmda. Aðalskipulag Blönduósbæjar gildir til ársins 2022. Vegagerðin telur líklegt með hliðsjón af stefnumörkun samgönguáætlunar á samtöðrum framangreindum rökum að innan þessa tíma verði ráðist í gerð Húnavallaleiðar og þess vegna sé það öllum fyrir bestu að skipulagsáætlanir geri ráð fyrir þessari framkvæmd. Þess má geta, að jarðgöng milli Hörgárdals og Hjaltadals hafi verið tekin út af aðalskipulagi Skagafjarðar.*

**Umsögn: Bæjarstjórn Blönduósbæjar vill benda að við gerð aðalskipulags er gætt samræmis við gildandi samgönguáætlun en þar kemur fram í 2. gr. að „við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild <u>og í einstökum landshlutum</u>.“ Bæjarstjórn vill benda á að í markmiðum skipulags- og byggingarlaga kemur fram *„að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi“*. Með því að setja fram tillögu Vegagerðinnar um Húnavallaleið inn í Aðalskipulag Blöndósbæjar 2010-2030, telur bæjarstjórn að verið sé að brjóta á rétti meirihluta búa í sveitarfélaginu sem hafa lýst yfir andstöðu sinni á Húnavallaleið og þar með ekki verið að fylgja markmiði skipulags- og byggingarlaga. Bent er einnig á að við gerð skipulagsáætlana skal stefnt að því að ná samræmi við aðrar áætlanir s.s. skipulagsáætlanir aðliggjandi svæði og áætlanir einstakra málaflokka. Þar undir flokkast samgönguáætlun og Vaxtasamningur Norðurlands Vestra. Í 11. gr. skipulags- og byggingarlaga 2. mgr. kemur fram að *„Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.“* Vegagerðin ætti því einnig að taka mið af þeim áætlunum sem í gildi eru þegar tillögur um vegi eru settar fram.**